



## HAFNARSVÆÐIÐ Á ÞÓRSHÖFN

Tillaga

Deiliskipulag – greinargerð og umhverfismatsskýrsla

30.05.2024



LANGANESBYGGÐ

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar þann \_\_\_\_\_

f.h. Langanesbyggðar

  
  

---

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið og tilgangur	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	4
2.2	Götur og gangstéttar	5
2.3	Minjar	5
2.4	Núverandi byggingar og starfsemi	6
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	7
3.1	Landsskipulagsstefna	7
3.2	Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027	7
3.3	Deiliskipulag	8
4	SKIPULAGSSKILMÁLAR	8
4.1	Lóðir, frágangur og geymslusvæði	8
4.2	Byggingar og byggingarreitir	9
4.3	Lóð fyrir veitumannvirki	10
4.4	Iðnaðarlóð fyrir olíubirgðastöð	10
4.5	Hönnun mannvirkja, uppdrættir og mæliblöð	10
4.6	Gatnakerfi, almenn bílastæði og þvottaplan	10
4.7	Ný landfylling, lenging á hafnarkanti og lenging á varnargarði	11
4.8	Veitur	11
4.9	Minjar	11
4.10	Lending	11
4.11	Þvottaplan	11
4.12	Mengunarvarnir	12
4.13	Niðurrif	12
4.14	Kvaðir	12

5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	13
5.1	Umhverfisþættir	13
5.2	Umhverfisáhrif	13
5.3	Niðurstaða	14
6	KYNNING OG SAMRÁÐ	14
6.1	Skipulagslýsing	14
6.2	Kynning og samráð	14

## 1 INNGANGUR

Um er að ræða heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið á Þórshöfn. Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum áætlunarinnar í umhverfisskýrslu í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samhliða endurskoðun deiliskipulags er lögð fram breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 sem gerir ráð fyrir stækkun hafnarsvæðis og lengingu á hafnarkanti.

Fyrir hafnarsvæðið er í gildi deiliskipulag frá árinu 2007: „*Hafnarsvæði Þórshafnar, Langanesbyggð*“ en þrjár breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu frá gildistöku þess. Með endurskoðuninni fæst skýrari heildarmynd af svæðinu, skilmálar eru uppfærðir í samræmi við landnotkun svæðisins og framtíðaráform. Eftirspurn hefur verið eftir auknu landrými fyrir uppbyggingu. Heildarendurskoðun þessi verður auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar.

### 1.1 Markmið og tilgangur

Megin markmið með endurskoðun deiliskipulags er eftirfarandi:

- Að styrkja höfnina sem andlit þorpsins og miðpunkt mannlífs á Þórshöfn.
- Auka athafnasvæði hafnarinnar með greiðu aðgengi að hafnarkanti.

- Auka umferðaröryggi á svæðinu með bættum samgöngutengingum.
- Að styrkja hafnsækna starfsemi í Þórshöfn með nýjum lóðum og byggingarheimildum sem styðja við uppbyggingu á svæðinu.
- Að skapa góð skilyrði fyrir smábátahöfn og viðlegurými.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni drónamynda frá EFLU, kortagrunnum IS50v frá LMÍ og landamerkjaskrá frá Þjóðskrá. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93.

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000.
- Hluti úr Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027.
- Greinargerð og umhverfisskýrsla.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Á hafnarsvæðinu á Þórshöfn er rekið frystihús þar sem unnin er bolfiskur og uppsjávarfiskur. Einnig er þar fiskimjölsverksmiðja sem framleiðir mjöl og lýsi. Frá Þórshöfn er stutt á uppsjávarmiðin og fer t.d. loðnan fram hjá

Langanesi á leið sinni til hrygningar<sup>1</sup>. Helstu hafnarmannvirki á svæðinu eru smábátaaðstaða, Nýja bryggja, Löndunarbryggja og Hafskipabryggja. Þá verja höfnina varnargarðarnir Norðurgarður og Suðurgarður.

Á síðustu árum hefur komið fram aukin krafa um gæði og nýtingu sjávarafurða sem hefur leitt af sér framþróun í veiði og vinnslu á sjávarafurðum. Samhliða þessari þróun hefur komið aukin krafa á endurbætur á höfnum og hafnarmannvirkjum til að þjóna sjávarútveginum svo starfsemin geti blómstrað og fylgt framþróun í greininni. Hafsækin starfsemin á Þórshöfn hefur ekki farið varhluta af þessari þróun, landrýmið á hafnarsvæðinu er að skornum skammti og þörf er á endurbótum bæði á höfninni og á hafnarmannvirkjum

Skipulagssvæðið er um 22 ha og afmarkast af Bakkavegi og fjöruborði í norðri, fjöruborði og varnargarði í austri, varnargarði og sjó í suðri og varnargarði og strandlengju í vestri.

Landið hallar lítillega að sjó. Syðsti hluti svæðisins er byggður á landfyllingu og hefur yfirborði svæðisins verið að mestu raskað á einn eða anna hátt í gegnum tíðina. Elstu byggingar á svæðinu eru frá 3. og 4. áratug 20. aldar og þær nýjustu frá árinu 2020. Þó að flestar byggingar á svæðinu tengist sjávarútvegi, er þar einnig að finna gistiheimilið Sand (Eyrarvegur 8) og veitingarstaðinn Bárúna (Eyrarvegur 3). Uppbygging á eyrinni hefur í gegnum tíðina mestmegnis verið vegna útgerðar eða fiskvinnslu enda er stutt á miðin.

<sup>1</sup> Ísfélagið (á.á). *Starfsstöðvar félagsins – Þórshöfn*. Sótt þann 11. Jan 2024 á síðu [isfelag.is/landvinnsla/](http://isfelag.is/landvinnsla/)

## 2.2 Götur og gangstéttar

Aðkoma að svæðinu er frá Bakkavegi annarsvegar og hins vegar um Eyrarveg frá Fjarðarvegi. Innan svæðisins eru Hafnarvegur og Eyrarvegur, sem eru u.þ.b. 7 metra breiðir vegir. Þess fyrir utan má sjá móta fyrir slóðum og öðrum aksturleiðum innan svæðisins. Á svæðinu í dag eru engar gangstéttar eða gangbrautir.

## 2.3 Minjar

Byggðarsafn Skagfirðinga gerði fornleifaskráningu fyrir deiliskipulagssvæðið árið 2022<sup>2</sup>. Skráðar eru 15 minjar innan svæðisins og eru þær eftirfarandi:

NR. MINJA	HLUTVERK	SÉRHEITI	TEGUND	ÁSTAND	HÆTTUMAT
2761-3	Bryggjur	Félagsbryggja	Heimild	Horfin	Engin hættu
2761-4	Bryggja	Kaupfélagsbryggja	Heimild	Horfin	Engin hættu
2761-5	Skemma	Skemman	Heimild	Horfin	Engin hættu
2761-6	Verslun/ híbýli	Jóhannshús/ Ingimarshús	Heimild	Horfin	Engin hættu
2761-7	Geymsla/ híbýli	Pöntunarhúsið	Heimild	Horfin	Engin hættu
2761-8	Verslun/ híbýli	Verslunarhús Ørum & Wulf/ Félagahús	Heimild	Horfin	Engin hættu
2761-9	Geymsla	Pakkhúsið/ Glæpalof tið	Heimild	Horfin	Engin hættu
2761-10	Sláturhús/ fjárrétt		Heimild	Horfin	Engin hættu

<sup>2</sup> Brenda Prehal (2022). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir hafnarsvæði og suðurbæ Þórshafnar í Langanesbyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.

NR. MINJA	HLUTVERK	SÉRHEITI	TEGUND	ÁSTAND	HÆTTUMAT
2761-11	Mörbræðsluhús /fiskihús		Heimild	Horfin	Engin hætta
2761-12	Híbýli	Friðrikshús/ Þorsteinshús/Birki- hlíð	Heimild	Horfin	Engin hætta
2761-13	Þúrrabúð/ híbýli	Ágústshús	Heimild	Horfin	Engin hætta
2761-14	Verslun/ híbýli	Björnshús/Helgahús /Hafblik	Heimild	Horfin	Engin hætta
2761-15	Verslun	Þorsteinsverslun	Heimild	Horfin	Engin hætta
2761-16	Læknishús/ híbýli	Brimborg	Heimild	Horfin	Engin hætta
2761-17	Verslun/ salthús	Búðardalur/ Meyjarland	Heimild	Horfin	Engin hætta

Allar skráðar minjar á svæðinu eru horfnar og hætta metin engin. Samt sem áður finnst áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

#### 2.4 Núverandi byggingar og starfsemi

Samhliða vinnu við deiliskipulagið var unnin húsakönnun og samkvæmt henni eru engin friðuð hús innan svæðisins<sup>3</sup>. Á skipulagssvæðinu eru þegar byggð 31 bygging/mannvirki og eru þau eftirfarandi:

STAÐFANG	BYGGINGARÁR	STARFSEMI
Eyraryvegur 1	1945	Geymsla
Eyraryvegur 3	1937	Iðnarhús
Eyraryvegur 3	1937	Veitingarhús
Eyraryvegur 5	2019	Hús hafnarvarðar
Eyraryvegur 8	1930	Gistihús
Eyraryvegur 12	1962	Iðnaðarhús
Eyraryvegur 12	1975	Frystihús
Eyraryvegur 12	2012	Verkstæði
Eyraryvegur 12	2012	Lager
Eyraryvegur 12	2018	Fiskverkun
Eyraryvegur 12	1997	Geymir
Eyraryvegur 12	1997	Geymir
Eyraryvegur 12	2007	Dæluhús
Eyraryvegur 12	2007	Frystigeymsla
Eyraryvegur 12	2020	Fiskverkun
Eyraryvegur 12	1997	Geymir
Eyraryvegur 12	1983	Fiskmóttaka
Eyraryvegur 12	1997	Viðhaldsgeymsla
Eyraryvegur 12	2003	Ketilhús
Eyraryvegur 12	1996	Fiskverkun viðb.
Eyraryvegur 12	1996	Starfsmannaaðstaða
Hafnarvegur 2	2002	Vigtar- og dæluhús
Hafnarvegur 2	1966	Geymir
Hafnarvegur 2	1986	Mjólgeymsla
Hafnarvegur 2	1966	Geymir
Hafnarvegur 2	1966	Fiskimjölsværksmiðja
Hafnarvegur 2	2011	Ketilhús
Hafnarvegur 2	1966	Geymir
Hafnarvegur 2	1967	Geymir

<sup>3</sup> Kamma Dögg Gísladóttir og Vanessa R. Apolinario (2023). Skipulag hafnarsvæðis á Þórshöfn - Húskráning vegna deiliskipulags. EFLA.

STAÐFANG	BYGGINGARÁR	STARFSEMI
Hafnarvegur 2	1966	Geymir
Bakkavegur 8	1986	Geymir
Bakkavegur 8	2012	Dæluhús

### 3 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 3.1 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggða umhverfis. Einnig kemur fram að við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftlagsbreytinga. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni sem horft er til við endurskoðun deiliskipulagsins:

##### Í kafla 3.3.2 Heilnæmt umhverfi

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“*

##### Í kafla 3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga

*„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar*

*sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“*

##### Í kafla 3.4.1 Öflugir innviðir

*„Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“*

#### 3.2 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

Í gildi er aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027, staðfest 18.07.2013.

Samhliða endurskoðun deiliskipulags er lögð fram breyting á aðalskipulaginu sem gerir ráð fyrir stækkun hafnarsvæðis H1, lengingu á hafnarkanti og lengingu á Norðurgarði.

Fyrir hafnarsvæðið hafa verið settir skilmálar (sjá töflu hér fyrir neðan).

HEITI	SKILMÁLAR
Hafnarsvæði Þórshafnar - H1	Heimild fyrir fiski- og flutningahöfn með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu. Heimild fyrir starfsemi og uppbyggingu á hafsækinni starfsemi t.d. fiskvinnslu, bræðslu, fiskmarkaði, geymslu- og lagersvæði. Heimild fyrir landfyllingu 0,6 ha og lengingu á Norðurgarði um allt að 80 m. Áhersla er á snyrtilega ásýnd bygginga og lóða. Heildarstærð hafnarsvæðis er 8,6 ha.

Fyrir iðnaðarsvæðið neðan við Bakkaveg hafa verið settir skilmálar (sjá töflu hér fyrir neðan).

HEITI	SKILMÁLAR
Iðnaðarsvæði neðan við Bakkaveg – 12	Iðnaðarsvæði með tengingu við hafnarsvæði. Heimild er fyrir olíubirgðastöð, þvottaplani, hreinis- og dælustöð fráveitu. Áhersla er á snyrtilega ásýnd bygginga og lóða. Gæta skal að mengun berist ekki frá svæðinu. Heildarstærð hafnarsvæðis er 0,3 ha.

### 3.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulagið *Hafnarsvæði Þórshafnar, Langanesbyggð* sem samþykkt var 18.09.2007 en ákveðið var að fara heildarendurskoðun á skipulaginu. Þar sem fyrirhugaðar eru viðamiklar framkvæmdir á hafnarsvæðinu t.d. lengingu á viðlegukanti, landfyllingu, nýju mannvirkjum og gatnaframkvæmdum vegna aukinn umsvifa í haftengdri starfsemi á svæðinu. Með gildistöku þessa deiliskipulags mun skipulagið *Hafnarsvæði Þórshafnar, Langanesbyggð* falla úr gildi. Helstu breytingar eru að gert er ráð fyrir landfyllingu, lengingu á hafnarkanti, lengingu á varnargörðum. Þá er gert ráð fyrir að lóðir verði sameinaðar og byggingarreitir stækkaðir. Síðan er gert ráð fyrir breytingu á gatnakerfi innan svæðisins.

Afmörkun nýs deiliskipulags hefur aðra afmörkun en eldra skipulag. Skiplagið mun stækka til austur og suðurs, þar sem inn á skipulagið koma varnargarðar, fylling og stækkun á hafnarmannvirkjum. Síðan mun skipulagið minnka til norður þar sem ákveðið hefur verið að lóðirnar við Eyrarveg 2 og Fjarðarveg 2 skuli tilheyra deiliskipulaginu *Deiliskipulag miðsvæðis á Þórshöfn*. Gerð verður breyting á miðbæjarskipulaginu og umræddar lóðir færðar inn.

Aðliggjandi eru eftirfarandi deiliskipulög í gildi:

- *Deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn, samþykkt 22.08.2019.*
- *Deiliskipulag miðsvæðis á Þórshöfn, samþykkt 18.02.2021.*

## 4 SKIPULAGSSKILMÁLAR

### 4.1 Lóðir, frágangur og geymslusvæði

Lóðarmörk og stærðir lóða eru sýnd á skipulagsupprætti. Lóðirnar eru samtals sex, þar af fimm lóðir fyrir hafnarstarfsemi og ein lóð fyrir veitumannvirki. Innan deiliskipulagsins hefur verið byggt á fimm lóðum.

Almennt skal frágangur lóða vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, samþykktir sveitarfélagsins/heilbrigðisnefndar, skilmála þessa og/eða samþykktu aðal- og lóðarupprætti. Sé einhver vafi þá skal fylgja ýtrustu kröfum um frágang lóða.

Lögð er áhersla á góða ásýnd lóðar og vandaðan frágang. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni snyrtilegri, tryggja að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Afmörkun lóða skal vera skýr og greinileg í landi. Lóðarhafi skal afmarka innkeyrslu og ganga frá öðrum lóðarmörkum sínum að gangstéttum eða götum með girðingu, grónum jarðvegsmönnum og/eða gróðri í samráði við sveitarfélagið.

Þá skal lóðarhafi hafa samráð við nágretta um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum. Þar sem lóðir liggja að landi í umsjá sveitarfélagsins skal



Lóðarhafi ganga frá sinni lóð í þeirri hæð sem sýnd er á hæðarblöðum. Ef nauðsyn krefur er heimil landmótun eða stöllum innan lóðar. Fjarlægð stalla/fláa/jarðvegsmána frá lóðarmörkum skal vera a.m.k. jöfn hæð þeirra.

Óheimilt er að geyma báta, óskráð ökutæki og aðra lausamuni inni á lóð nema á þar til gerðum svæðum sem fram koma á samþykktum aðal- og lóðaruppdráttum. Þau svæði skulu vera snyrtileg, afmörkuð og afgirt. Sá hluti lóðarinnar sem gert er ráð fyrir að sé nýttur fyrir útlager eða langtímastæði fyrir skráð ökutæki/vinnuvélar skal vera snyrtilegur, afmarkaður og innsýn frá götu, gangstéttum og göngustígum heft t.d. með gróðri, skjólveggjum eða grónum jarðvegsmönnum.

Bílastæði skulu vera innan lóðar og innan hvernar lóðar skal gera ráð fyrir nægjanlega mörgum bílastæðum til að anna þeirri starfsemi sem þar fer fram. Ekki er heimilt að aka beint af bílastæði út á götu.

Ef hæðarmunur er tekinn með húsvegg eða stoðvegg, skal veggurinn þola þrýsting frá aðliggjandi götu, gangstétt, göngustíg, lóð eða bílastæði. Sama gildir ef flái er notaður og skal hann þá ekki vera brattari en 1:2, nema með leyfi byggingarfulltrúa.

Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi eða grjóti út fyrir lóðarmörk. Ekki skal raska meira landi en nauðsyn krefur.

Sveitarfélagið getur látið fara fram viðhald á kostnað lóðarhafa, ef þeim finnst viðhaldi ábótavant, enda hafi þau gert lóðarhafa viðvart með nægum fyrirvara. Lóðarhafa er skylt að ganga frá byggingu að utan og lóð samkvæmt skilmálum og byggingarnefndarteikningum, eigi síðar en þremur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Við gildistöku þessa

deiliskipulags hafa lóðarhafar þegar úthlutaðra lóða, tvö ár til að ganga frá lóð sinni samkvæmt skilmálum þessum

#### 4.2 Byggingar og byggingarreitir

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsuppdrætti og skulu hús standa innan þeirra. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um form og útlit bygginga umfram aðrar gæðakröfur. Þakgerð er frjál, sem og mænisstefna.

Byggingar geta verið á allt að þremur hæðum með mænishæð allt að 18 m samkvæmt skilmálatöflu, þó er hægt að sækja um undanþágu frá hæðartakmörkum til bæjarstjórnar/sveitastjórnar fyrir óhefðbundnum byggingum s.s. tönkum, krönum, sílóum og möstrum sé sá búnaður eða byggingar nauðsynlegar fyrir atvinnustarfsemina.

Efnisval bygginga skal vera vandað og skal gæta innbyrðis samræmis. Vanda skal frágang bygginga, bílastæða og lóða.

Tafla 1: Skilmálatafla

STAÐFANG	STÆRÐ LÓÐAR	FJÖLDI HÆÐA	BYGGINGARMAGN			HÁMARKS MÆNISHÆÐ	NÝTINGARHLUTFALL		STARFSEMI
			NÚVERANDI	LÁGMARKS	HÁMARKS		LÁGMARKS	HÁMARKS	
Eyraryvegur 1	519	1-2	Óskráð	52	363	10	0,1	0,7	Hafnarstarfsemi
Eyraryvegur 4-12	21.865	1-3	8.405	6.560	19.679	18	0,3	0,9	Hafnarstarfsemi
Eyraryvegur 5	576	1	135	58	173	6	0,1	0,3	Hafnarstarfsemi
Hafnarvegur 2	13.948	1-3	5.531	4.184	12.553	18	0,3	0,9	Hafnarstarfsemi
Bakkavegur 8	1.848	1	111	185	554	14	0,1	0,3	Iðnaðarstarfsemi
Bakkavegur 10	144	1	0	0	43	4	0	0,3	Iðnaðarstarfsemi

#### 4.3 Lóð fyrir veitumannvirki

Á Bakkavegi 10 er aðeins heimilt að byggja hús og mannvirki sem tilheyra opinberri veitustarfsemi s.s. hreinsistöð og dæluhús.

#### 4.4 Iðnaðarlóð fyrir olíubirgðastöð

Á Bakkavegi 8 er heimild fyrir olíu- og eldsneytisbirgðageymum. Geymsla á olíu og eldsneytis skal taka mið af þeim öryggiskröfum sem í gildi eru á hverjum tíma. Til að varna mengun vegna olíuleka skulu olíugeymar vera í olíuheldri pró og áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani. Við löndun olíu skal tryggt að hún berist ekki út í umhverfið.

#### 4.5 Hönnun mannvirkja, uppdrættir og mæliblöð

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í megindráttum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, bílastæði, girðingar og annað það sem skiptir máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. kafla 4.3. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærð lóðar, byggingarreiti, innkeyrslu inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru.

#### 4.6 Gatnakerfi, almenn bílastæði og þvottaplan

Aðkoma að svæðinu er frá Bakkavegi, Eyraryvegi og um Bryggjuvegi. Á uppdrætti er heildarbreidd vega 8 metrar, til þess að hægt sé aðkoma fyrir nauðsynlegum innviðum s.s. ljósastaurum, kantsteinum og brunahönum innan vegsvæðisins. Breidd gangstétta er almennt 2,0 m. Gert er ráð fyrir að göngustígur sem liggur niður að lóð Bakkavegar 10 verði 4,0 m á breidd

og þjónustubifreiðar hafa heimild til þess að aka göngustíginn niður að Bakkavegi 10. Þá er gert er ráð fyrir að akstur innan skilgreinds hafnarsvæði verður takmarkaður til þess að atvinnustarfsemi á höfninni verði ekki fyrir óþarfa truflun eða að óþarfa áhætta geti skapast. Gert er ráð fyrir almennum bílastæðum við Bakkaveg og ofan við smábátahöfn. Síðan er gert ráð fyrir þvottaplani við Bakkaveg.

Við nánari hönnun gatna, gatnamóta, almennra bílastæða og gönguleiða getur lega breyst lítilllega og krefst slíkt ekki breytinga á deiliskipulagi.

#### **4.7 Ný landfylling, lenging á hafnarkanti og lenging á varnargarði**

Gert er ráð fyrir stækkun hafnarsvæðisins með landfyllingu og lengingu hafnarkants til að þjóna vaxandi hafnarstarfsemi sem áformuð er á svæðinu. Samhliða þarf að dýpa innsiglingarleið og dýpka umhverfis lengingu á Nýju bryggju. Ný landfylling nær yfir allt að 0,6 ha landsvæði og lenging hafnarkants nær yfir um 4.300 m<sup>2</sup> svæði. Áætluð efnispörf í landfyllinguna er ráðgerð allt að 20.000 m<sup>3</sup> og gert er ráð fyrir að notast verði við dýpkunarefni og efni úr Hálsnámu. Áætluð efnispörf í lengingu hafnarkants er áætluð allt að 35.000 m<sup>3</sup> og gert er ráð fyrir að notast verði við dýpkunarefni og efni úr Hálsnámu. Gert er ráð fyrir lengingu á Norðurgarði um allt að 80 m.

#### **4.8 Veitur**

Um svæðið liggja raf-, vatns- og fráveita, ásamt ljósleiðara. Þá liggur sniðræsi (Súes) þvert í gegnum svæðið. Gert er ráð fyrir að nýjar lagnaleiðir liggi í eða meðfram götum og gangstéttum.

Fráveita og ofanvatn: Nýjar byggingar tengjast fráveitukerfi Þórshafnar. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum. Eins og kostur er, skal gera ráð fyrir tvöföldu kerfi.

Vatnsveita: Nýjar byggingar tengjast veitukerfi Þórshafnar.

Rafveita: Ný mannvirki tengjast rafmagnsveitukerfi RARIK

#### **4.9 Minjar**

Ef á framkvæmdatíma koma fram áður óþekktar minjar skal stöðva framkvæmd án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands eins og fram kemur í 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Aðgát skal höfð á þekktum minjastöðum og ef á framkvæmdatíma finnast minjar undir yfirborðinu skal leita leyfis Minjastofnunar Íslands og þeim skilyrðum hlýtt sem stofnunin kann að setja.

#### **4.10 Lending**

Gert er ráð fyrir lendingu fyrir smábáta í kverkinni neðan við Fjarðarveg 6. Við nánari hönnun á lendingu getur lega og lengd breyst og krefst slíkt ekki breytinga á deiliskipulagi.

#### **4.11 Þvottaplan**

Gert er ráð fyrir almennu þvottaplani við Bakkaveg með aðstöðu fyrir allt að þrjár bifreiðar. Viðeigandi hreinsun skal fara fram á fráveitu/frárennsli.

#### 4.12 Mengunarvarnir

Við hönnun húsa, lóða og annarra mannvirkja skal gera ráð fyrir mengunarvörnum sbr. lögum og reglugerðum þar að lútandi eftir því sem við á. Er átt við m.a. olíu-, sand-, og fituskilju og loftræstingu. Verði um lyktarmengandi starfsemi að ræða skal tryggja að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til að ekki verði ami að. Verði um mengandi starfsemi að ræða skal hafa samráð við Heilbrigðiseftirlitið á svæðinu um aðgerðir til mengunarvarna.

#### 4.13 Byggingar sem eru víkjandi/ til flutnings

Gert er ráð fyrir að eftirfarandi byggingar séu víkjandi eða til flutnings:

- Eyrarvegur 3 – allt núverandi húsnæði.
- Eyrarvegur 5
- Eyrarvegur 8
- Eyrarvegur 12D (Villahús)

#### 4.14 Kvaðir

Á eftirfarandi lóðum er kvöð um lagnalegu og aðgengi að lögnum: Eyrarvegur 1, Eyrarvegur 4-12, Hafnarvegur 2 og Bakkavegur 10 (sjá skipulagsupprátt).

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Umhverfismatið er unnið í samræmi við 5.4 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum.

### 5.1 Umhverfispættir

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Landnotkun</b>	Hefur stefnan áhrif á nýtingu lands?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Landslag og ásýnd</b>	Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Samfélag</b> Atvinnulíf. Íbúar.	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins? Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúapróun?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
<b>Heilbrigði</b> Mengun og hávaði. Öryggi.	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnunnar? Hefur stefnan áhrif á öryggi íbúa, gesta eða starfsfólks á hafnarsvæðinu?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008
<b>Minjar</b> Náttúruminjar. Menningarminjar.	Hefur stefnan áhrif á fornminjar eða mannvirki sem njóta verndar?	Samþykkt fornleifaskráning. Húsaskráning. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNINGAR	UMHVERFISVIÐMIÐ
<b>Sjór og strandsvæði</b>	Hefur stefnan áhrif á sjó og/eða strandsvæði ?	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

### 5.2 Umhverfisáhrif

Áhrif á *landnotkun* eru metin jákvæð. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að svæðið sé að stæðustum hluta hafnarsvæði og að uppbygging verði á hafsækni starfsemi. Atvinnuuppbygging er þegar hafin á svæðinu.

Áhrif á *landslag og ásýnd* eru metin óveruleg/neikvæð. Svæðinu hefur nú þegar verið raskað og á svæðinu eru fyrir byggingar fyrir haftengda atvinnustarfsemi í misjafnri stærð. Umfang svæðisins mun stækka. Nýjar byggingar og lóðir á athafnasvæðinu munu hafa áhrif á landslag og ásýnd. Stuðlað verður að jákvæðri ásýnd með kröfum til frágangs lóða og mannvirkja.

Áhrif á *samfélag* eru metin jákvæð. Með bættri hafnaraðstöðu og meira landrýmis gefst haftengd starfsemi tækifæri til þess að vaxa sem stuðlar að atvinnusköpun og stöðuleika í atvinnulífi. Jafnframt er mikilvægt fyrir afdrif sjávarútvegs á staðnum að hafa möguleika á að geta þróast í takti við framþróun í greininni.

Áhrif á *heilbrigði* er metið jákvætt/neikvætt. Gert er ráð fyrir endurbættu umferðarskipulagi á svæðinu með skýrum gönguleiðum sem stuðla að öryggi óvarinna vegfarenda. Með meiri umsvifum má búast við meiri hávaða og meiri losun gróðurhúsalofttegunda.

Áhrif á *minjar* eru metin óveruleg. Á svæðinu hefur farið fram fornleifaskráning og húsaskráning. Á svæðinu fundust aðeins heimildir um minjar. Elsta húsið á svæðinu var byggt árið 1930.

Áhrif á sjó og strandsvæði eru metið neikvætt/jákvætt. Framkvæmdir mun raska sjávarbotni/grunnsævi. Nú þegar hefur orðið röskun á sjávarbotni í og við höfnin. Hluti af núverandi fjöru mun raskast með landfyllingu. Síðan er gert ráð fyrir að gegnið verði frá fráveitu á fullnægjandi hátt þar sem gert er ráð fyrir lóð fyrir hreinsistöð við enda sniðræsisins Súes.

### 5.3 Niðurstaða

Landrými á hafnarsvæði Þórshafnar er af skornum skammti og vaxtarmöguleikar eru takmarkaðir fyrir utan landfyllinga. Með bættri hafnaraðstöðu og aukins landrýmis aukast möguleikar á hafsækninni starfsemi á svæðinu. Einnig er mikilvægt fyrir afdrif sjávarútvegs á svæðinu að halda í við framþróun í greininni.

Landfylling og uppdæling mun raska sjávarbotni en í gengum tíðina hefur sjávarbotninn orðið fyrir raski í og við höfnina. Ný hafnamannvirki og stórar byggingar munu breyta ásýnd að hafnarsvæðinu en áhersla er á að lóðir og byggingar verði vel frágengnar og snyrtilegar.

## 6 KYNNING OG SAMRÁÐ

### 6.1 Skipulagslýsing

Sett var fram sameiginleg lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og vegna deiliskipulags hafnarsvæðis á Þórshöfn. Lýsingin var auglýst þann 01.04.2023 á vef sveitarfélagsins ([langanesbyggd.is](http://langanesbyggd.is)) og var almenningi gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir til sveitarfélagsins til og með

26.04.2023. Óskað var eftir umsögnum við lýsinguna og bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun og Vegagerðinni.

### 6.2 Kynning og samráð

Vinnslutillaga verður auglýst í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og skulu umsagnir berast þangað.

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin/ siglingasvið
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Fiskistofa
- Veðurstofa Íslands
- Samgöngustofa
- Hafnarstjórn Langanesbyggðar
- Aðliggjandi sveitarfélög
- Lóðarhafar innan deiliskipulagssvæðisins